

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávaraflla.

1. gr.

3. tölul. 2. mgr. 38. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allan afskurð, hausa, slóg og fráflokk skal vigta og niðurstaðan skráð á vigtarnótu.

2. gr.

5. tölul. 39. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nettóþungi afskurðar, hausa, slógs og fráflokks.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. maí 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. maí 2019

Leiðrétt skjal 16. maí 2019